23. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um, að skip sem eiga heima í konúngsríkinu Sikileyjum og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sè undan þegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl þ. á. 1856. 19.nóvemb.

Eptir samníngum sem gjörðir eru milli konúngsríkisins Danmerkur og konúngsríkisins Sikileyja, og skipt er um á víxl þeirra á milli þann 4. f. m., eru þau skip, sem eiga heima í síðarnefndu konúngsríki og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl þ. á., sem birtur er með auglýsíng frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. sama mánaðar.

Þetta gefst hèrmeð öllum hlutaðeigendum til vitundar.

---

24. Opið brèf um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglíngar og verzlun á Íslandi. 24.nóvemb.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþíngis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglíngar og verzlun á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Kostnað þann, er leiðir af þeim ráðstöfunum, sem gjöra þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglíngar og verzlun á Íslandi, skal greiða í hverju amti úr jafnaðarsjóði amtsins.

2. gr. Áður en það verði fast ákveðið, að sú eða sú ráðstöfun sè nauðsynleg, skal bera það mál undir alþíngi, en stjórnin áskilur sèr rètt til að skera úr því til bráðabyrgða, og skal þá